



Reykjavík, 30. júlí 2020

**Efni:** Sundlaugar og íþróttamannvirki

Þar sem fjöldatakmarkanir verða hertar 31. júlí 2020 og miðast við 100 fullorðna og 2 metra reglan verður aftur tekin í gildi, verða breytingar á aðgengi í sundlaugar og í íþróttamannvirki.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis kemur meðal annars fram:

*„Sundlaugar og veitingastaðir tryggja að gestir geti haft 2 metra bil á milli sín í öllum rýmum með fjöldatakmarkun í samræmi við stærð hvers rýmis.“*

*„Starfsemi sem í eðli sínu felur í sér að gestir noti sameiginlegan búnað s.s. íþróttastarf, líkamsræktarstöðvar, spílakassar og spílasalir geri hlé á starfsemi eða sótthreinsi slíkan búnað milli notenda.“*

Búningsklefinn ræður fjölda inn á þessa staði þ.e.a.s. verið er að horfa til þess hversu margir komast inn í búningsklefann miðað við að virða 2 metra regluna, bæði inni- og útibúningsklefar. Sem dæmi má taka að ef búningsklefar karla ráða við 60 og kvenna við 70 miðað við 2 metra regluna þá geta verið 130 í íþróttamannvirkinu hverju sinni. Einhverjir í klefa, aðrir í laug eða pottum og þannig er horft til að ekki séu fleiri en 100 einstaklingar í sama rými. Börn fædd 2005 og seinna sem og starfsmenn teljast ekki með.

Ef ekki er hægt að tryggja 2 metra regluna og fjöldatakmarkin í samræmi við stærð rýmis skal gera hlé á starfseminni.

### Þrif og sótthreinsun

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti sé tryggt við innganga og í grennd við snertifleti t.d. snertiskjái, tæki og skápa. Við hvetjum alla til að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengi og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugðið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, greiðsluposum og ljósarofum.
- Sótthreinsun og þrif sé eins oft og unnt er.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.
- Minnum almenning og starfsmenn á einstaklingsóttvarnir bæði með merkingum og skiltum.

Á <https://www.covid.is/veggspjöld> má finna nýtsamleg veggspjöld sem við hvetjum ykkur til að prenta út og hengja upp á viðeigandi stöðum.

Mikilvægt er að við virðum samfélagssáttmálann því við erum öll almannavarnir!